



Umgengisreglur íþróttamannvirkja í Dalabyggð

Almenn umgengni og háttsemi

- Allir gestir skulu sýna háttvísi og virðingu í samskiptum og virða reglur þessar í íþróttamannvirkjum Dalabyggðar, þ.e. íþróttamiðstöð og íþróttavelli.
- Viðburðir á vegum einkaaðila geta farið eftir öðrum reglum en almennt íþróttastarf; leigutaki ber ábyrgð á að kynna og virða þær reglur.
- Allir gestir skulu sýna háttvísi og virðingu í samskiptum og virða reglur viðkomandi svæðis. Markmiðið er að tryggja jákvæða upplifun og öryggi fyrir alla notendur.
- Notendur skulu ganga snyrtilega um mannvirki og útisvæði og ganga frá eftir sig.

Hreinlæti

- Gestir íþróttamiðstöðvar skulu ganga þrifalega um og bera virðingu fyrir eigum annarra. Skulu gestir henda öllum úrgangi í viðeigandi ílát og stuðla að því að aðstaðan haldist hrein og snyrtileg.
- Iðkendur skulu nota viðeigandi skófatnað í íþróttasal íþróttamiðstöðvar sem ætlaðir eru fyrir innanhússnotkun.
 - Útiskór eða skór sem lita og strika eru bannaðir

Öryggi

- Börn eiga ekki að vera eftirlitslaus inn í íþróttasal, hvorki á skólatíma né frítíma.
- Öryggisreglur skulu virtar til fulls, og neyðarútgangar skulu vera óhindraðir.
- Gestir skulu fylgja fyrirmælum starfsmanna varðandi öryggi.

Notkun búnaðar og mannvirkis

- Notendur skulu nota búnað og mannvirki í samræmi við leiðbeiningar og skila honum í góðu ástandi. Skemmdir skal tilkynna umsvifalaust til umsjónaraðila.
- Tímar sem bókaðir eru fyrir æfingar eða viðburði skulu virtir, og notendur skulu ganga frá búnaði á réttan stað að lokinni notkun.
- Leigutakar/notendur skulu láta vita ef æfingatími breytist eða fellur niður af einhverjum ástæðum.
- Forráðamaður íþróttamannvirkisins getur meinað hópi aðgang að íþróttamiðstöðu hafi ekki ábyrgur aðili stjórn hans með höndum, skv. 8. gr. í reglugerð Menntamálaráðuneytis um öryggismál í íþróttamannvirkjum. Þjálfari þarf að vera 18 ára til að teljast ábyrgðarmaður.
- Þjálfari verður að fylgja öllum iðkendum og bera ábyrgð á þeim, skv. 9. gr. í reglugerð Menntamálaráðuneytis um öryggismál í íþróttamannvirkjum.
- Mælt er með því að þjálfari í sal sé í merktum klæðnaði svo að bæði foreldrar og starfsmenn viti hver stjórnar.
- Klístur (harpix) er bannað í íþróttasal

Neysla matar og drykkjar

- Óheimilt er að neyta matar og drykkjar í íþróttasal á meðan á íþróttæfingum stendur, að undanskyldu vatni og íþróttadrykkjum.
- Áhorfendum er heimilt að neyta matar og drykkjar á merktum svæðum fyrir áhorfendur.

Nikótínvörur, áfengi og önnur vímuefni

- Notkun áfengis, vímuefna, ólöglegra lyfja, tóbaks eða nikótíns í einhverri mynd er óheimil iðkendum, þjálfurum og gestum í skipulögðu íþróttastarfi í íþróttamiðstöð og á íþróttavelli.
- Einstaklingar sem gerast uppvísir að broti á þessari reglu og eru undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er vísað úr íþróttamiðstöðinni og/eða af íþróttavöllum.

Ábyrgð á persónulegum eigum.

- Notendur bera sjálfir ábyrgð á persónulegum eigum sínum. Dalabyggð ber ekki ábyrgð á töpuðum eða skemmdum persónulegum eigum einstaklinga.

Viðurlög við brotum

- Brot á reglum getur leitt til munnlegrar áminningar, skriflegrar áminningar eða útilokunar frá aðstöðunni, allt eftir alvarleika brotsins:
 - Fyrsta brot: Munnleg áminning.
 - Annað brot: Skrifleg áminning.
 - Þriðja brot: Tímabundin eða varanleg útilokun frá aðstöðunni.